

63. fundur

Fræðslunefnd Stykkishólms hélt fund mánudaginn 4. apríl 2005 kl. 16.00 í Ráðhúsinu. Mætt voru úr fræðslunefnd Björn Sverrisson, Katrín Pálsdóttir, Ingveldur Eypórsdóttir og Katrín Gísladóttir, Linda S. Sigurðardóttir boðaði forföll, Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri, Sigrún Þórsteinsdóttir, leikskólastjóri, fulltrúar foreldra og starfsfólks, Kristín Sigurðardóttir og Unnur Breiðfjörð.

1. Skýrslur skólastjóra.

a) Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.

Skíplagning næsta vetrar er hafin. Aðlögun barna hefst í maí. Misjafnt hversu tímanlega foreldrar eru að sækja um vistun fyrir börnin. Ánægjulegt hversu mörg börn verða í sumar.

Sumarfrí verður frá 4. júlí til 5. ágúst.

Sigrún Þórsteinsdóttir, Elísabet L. Björgvinsdóttir og Sigurborg Sturludóttir voru á málþingi um fljótandi skil leik og grunnskóla Margt fróðlegt kom þar fram.

Auglýst hefur verið aftur eftir starfskrafti í ræstingar í leikskólanum. Erfiðlega gengur að fá fólk.

Sigrún og Elísabet hittu arkitekt og landslagsarkitekt varðandi lóð við nýja leikskólann og garð. Arkitekt hússins er Guðrún Ingvarsdóttir, arkitekt lóðar er Hermann Ólafsson.

Opið hús verður 21. apríl, sumardaginn fyrsta. Teikningar munu þá liggja fyrir og hvetur Sigrún fólk til að koma og skoða. Fyrsta skóflustunga verður jafnvel í næstu viku.

Sigrún bendir á grein Hreins Þorkelssonar á Netlu. Hvort viljum við fjölþarfa- eða kennitöluskóla.

Fyrirspurnir bárust vegna starfstíma í ræstingu.

b) Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.

Sigurborg Sturludóttir verður kennari 1. bekkjar næsta vetur, undirbúningur vorskóla er hafinn í samvinnu við leikskólann

Kristborg Haraldsdóttir hóf kennslu 30. mars eftir veikindi.

Starfsmannaviðtöl við kennara og starfsmenn ganga vel.

Bæjarráð Stykkishólms samþykkti að veita GSS 50 aukastundir sem nýttar yrðu til að bæta kennslutap vegna verkfalls sl. haust.

Unnið er að skiptingu tímanna á kennslugreinum í 10. bekk

Dagskrá aprílmánaðar kynnt.

Lárus Á. Hannesson og Auður Rafnsdóttir sóttu leiklistarnámskeið s.l. haust í tengslum við nýan valáfanga í 9. og 10. bekk.

Leiklistarhópurinn sýnir Litlu Hryllingsbúðina, sem er afrakstur vetrarstarfsins og gengur mjög vel. Hugmyndir í gangi um enn frekara samstarf hópsins við Leikfélagið Grímnir

Upplestrarkeppnin hjá 7. bekk er hafin í umsjón kennara og Eyþórs Benediktssonar aðstoðarskólalastjóra.

Danir frá Kolding að koma, verða í viku og heimsækja 9. bekk.

Mötuneytismál: Í vikulokin verður kynnt fyrir matreiðslumönnum í Stykkishólmi, starfsemi mötuneytisins og allir möguleikar kannaðir.

2. Forvarnarstefna Stykkishólsmbæjar.
Forvarnarstefnan var lögð fram á síðasta fundi, þannig að fundarmenn gætu kynnt sér hana nánar. Farið yfir hana og texti lagfærður. Rætt um stefnuna og hún samþykkt með smávægilegum breytingum.
3. Önnur mál.
Gunnar sagði frá því að hann og Lára Guðmundsdóttir muni bjóða upp á sumarnámskeið fyrir fötluð börn. Samstarfsverkefni við aðila sem hafa verið með námskeið í Löngumýri í Skagafirði og RKÍ.

Katrín Gísladóttir (sign.).